



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík

Reykjavík 1. nóvember 2021

2111001SA KB  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu, S-184/2021**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 24. september sl. þar sem óskað var eftir umsögnum um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Reglugerðin á sér stoð í 11. gr. laga um landgræðslu nr. 155/2018 þar sem kveðið er á um að ráðherra skuli setja reglugerð með það að markmiði að tryggja sjálfbæra landnýtingu með leiðbeiningum og viðmiðum þar að lútandi sem taki mið af ástandi lands, m.a. varðandi beit búfjár, umferð fólks og ökutækja, framkvæmdir og akuryrkju.

#### **Afstaða sambandsins**

Sambandið gerir verulegar athugasemdir við reglugerðardrögin og leggst alfarið gegn því að þau verði samþykkt í óbreyttri mynd. Helstu athugasemdir sambandsins eru eftirfarandi:

#### **Ófullnægjandi samráð**

Í fyrrgreindri 11. gr. laga um landgræðslu segir að Landgræðslan skuli gera tillögur að leiðbeiningum og viðmiðum að höfðu samráði við hlutaðeigandi stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni. Að mati sambandsins hefur ekki farið fram fullnægjandi samráð við sveitarfélögin um málið. Sambandið fékk drög að bæði reglugerð og viðaukum send í mars á þessu ári. Eftir því sem sambandið kemst næst kom enginn fulltrúi sveitarfélaga að gerð þeirra draga. Sambandið sendi inn fyrirspurn um ákveðin atriði í drögunum en fékk ekki svör. Í ljósi þess hve íþyngjandi reglurnar eru telur sambandið að fara þurfi fram miklu víðtækara samráð við sveitarfélögin. Þá telur sambandið að í lagagreininni felist að fulltrúar sveitarfélaga þurfi að koma fyrir að borðinu en ekki bara fá fullbúin drög upp í hendurnar til umsagnar.

#### **Skortur á grunnögnum og mati á áhrifum**

Reglugerðardrögin eru afar umfangsmikil enda ná þau til beitarlands, akuryrkju, framkvæmda og umferðar um land. Sérstakir viðaukar eru um hvern flokk með mjög tæknilegum og ítarlegum viðmiðum.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar er það meginregla við mat á því hvort að landnýting teljist sjálfbær, að nýting taki mið af vistfræðilegu ástandi og getu lands. Vistgetukort fyrir landið er því algjört grunn gagn til að geta metið áhrifin af

setningu reglugerðarinnar, sem hefur eins og áður segir víðtækt gildissvið, en slíkt kort liggur ekki fyrir.

Þegar setja á svo yfirgripsmiklar reglur er algjörlega nauðsynlegt að þeim fylgi mat á áhrifum. Á það bæði við um kostnaðarmat fyrir sveitarfélögin eins og lögbundið er sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en ekki síður í þessu tilfalli mat á áhrifum á byggð í landinu og nýtingu eignarlands. Í því sambandi er vert að minna á þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 þar sem segir að í allri stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera skuli meta og skoða áhrif á þróun einstakra byggða og búsetu. Ljóst er að þegar settar eru svo víðamiklar reglur um landnotkun verður að skoða áhrif þess í byggðalegu tilliti. Hvaða afleiðingar hefur það t.d. ef bændur geta ekki beitt eða borið áburð á land, akuryrkja er verulega takmörkuð eða skerða eða stöðva verður umferð ferðamanna um ákveðin svæði? Hver á að bera kostnað af því ef fara þarf í kostnaðarsamar aðgerðir?

### **Óskýrar og óþarflega íþyngjandi reglur**

Eins og áður segir eru viðaukarnir við reglugerðina tæknilegir og ítarlegir, sér í lagi viðaukar um ástand beitarlands og akuryrkju. Af almennri umræðu um málið má ráða að töluverðar áhyggjur eru af því að viðmiðin sem sett eru séu of ströng og takmarki nýtingarmöguleika lands umfram það sem þörf er á. Sem dæmi um of strangar og óskýrar reglur má t.d. nefna skilgreiningu á sjálfbærri beitingarnýtingu, skilgreiningu á akuryrkju, reglur um takmörkun á dreifingu áburðar nálægt vatni og reglur um umsjón og aðgangsstýringu m.a. á ferðamannastöðum. Bendir sambandið sérstaklega á umsögn Bændasamtaka Íslands hvað þetta varðar og leggur mikla áherslu á að þau sjónarmið sem þar koma fram verði skoðuð gaumgæfilega. Að sama skapi hefur fjöldi sveitafélaga og fjallskilaneftnda skilað umsögnum um reglugerðardrögin og lýst verulegum áhyggjum af afleiðingum reglusetningarinnar.

Þá er einnig vert að benda á 3. mgr. í viðauka III þar sem gert er ráð fyrir að við gerð, yfirferð og afgreiðslu aðal- og deiliskipulags skuli leita umsagnar Landgræðslunnar varðandi landnýtingarþáttinn. Eins og Skipulagsstofnun bendir réttilega á í [umsögn](#) sinni er málsgreinin nú orðuð þannig að allar aðal- og deiliskipulagstillögur sveitarfélaga, á öllum stigum skipulagsferlis yrðu háðar umsögn Landgræðslunnar. Það getur á engan hátt talist eðlilegt og er til þess fallið að lengja málsmeðferð við gerð skipulagsáætlna.

### **Að lokum**

Með vísan til alls framangreinds leggst sambandið alfarið gegn því að umrædd reglugerð verði samþykkt í óbreyttri mynd. Verulega hefur skort á samráð við gerð reglugerðardraganna, nauðsynleg grunngögn skortir og verulegar áhyggjur er af því að reglurnar séu of strangar miðað við það markmið sem að er stefnt. Fjölmargar neikvæðar umsagnir bera og með sér að reglugerðin sé á engan hátt tilbúin til útgáfu.

Sambandið er að sjálfsögðu fylgjandi landvernd og sjálfbærri nýtingu lands en gerir skýra kröfu um að fram fari alvöru samráð við sveitarfélögin um málið og áhrif af reglusetningunni, bæði fjárhagsleg og m.t.t. byggðafestu, verði metin.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri